

2

8. gr.

4. jan. Reikningsár sjóðsins skal vera almannaksárið og skulu endurskoðendur sjóðsins vera hinir sömu og Zontaklúbbs Akureyrar. Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók fyrir sjóðinn, þar sem bókaðar eru allar ákvarðanir sjóðstjórnar og annað varðandi sjóðinn, meðal annars reikningar hans.

9. gr.

Leggist Zontaklúbbur Akureyrar niður skal Nonnasafn á Akureyri taka við varðveizlu sjóðsins. Markmiði sjóðsins má ekki breyta.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessarar.

Akureyri, 12. júní 1958.

Ólafía Þorvaldsdóttir. Þórhildur Steingrímsdóttir.
Gerða Stefánsdóttir.

Stjórnartíðindi 1960, B. 2.

3 **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um breytingu**
8. febr. **á prestskallaskipun í Skagafjarðarprófastsdæmi.**

Með vísun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 14. f. m., varðandi framkvæmd ákvæðis 1. gr. XVIII 92., 93. og 96. tölul. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla, varðandi breytingar á skiptingu sókna milli prestakalla í Skagafjarðarprófastsdæmi þannig að Reynistaðasókn falli til Glaumbæjarprestakalls en Rípur-sókn til Sauðárkróksprestakalls, staðfestir ráðuneytið hér með, að það fellst á að framangreindar breytingar komi nú þegar til framkvæmda.

4 **Staðfesting forseta á skipulagsskrá fyrir Byggingarsjóð Húsmæðraskóla á**
12. jan. **Akranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. janúar 1960.**

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Byggingarsjóð Húsmæðraskóla á Akranesi.

1. gr.

Sjóður þessi var upphaflega stofnaður með gjöf hjónanna Ingunnar Sveinsdóttur og Haralds Böðvarssonar, að upphæð kr. 10000.00 og að fimm árum liðnum bættu hjónin við upphæðina kr. 5000.00. Afhentu þau Kvenfélagi Akurnesinga til geymslu og ávöxtunar. Á næstu árum vann kvenfélagið að því að auka sjóð þennan með því að efna til happdrættis, halda skemmtisamkomur o. fl. til ágóða fyrir hann.

Nokkrar gjafir bærust sjóðnum, auk þess sem bæjarsjóður Akraness lagði fram 4 kr. 1000.00 á ári í tíu ár til hans. Hinn 31. des. 1958 var sjóðurinn samtals kr. 12. jan. 81037.11.

2. gr.

Þar eð fyrirsjáanlegt er, að ekki er tímabært að ráðast í byggingu húsmæðraskóla á Akranesi í náinni framtíð, skal upphæð sú, sem um getur í 1. gr. lögð á vöxtu þannig: 40000.00 kr. skulu lagðar í 10 ára sparisjóðsbók í Sparisjóði Akraness og afgangurinn á 6 mánaða sparisjóðsbók í sama sparisjóði. Kvenfélag Akraness hefur að öðru leyti umsjá með sjóðnum þetta árabíl eða þangað til öðruvísi um semst samkv. 5. gr.

3. gr.

Í lok þess tímabils, er fé þetta skal liggja óhreyft á vöxtu í Sparisjóði Akraness, skulu teknar upp umræður um, hvort nú sé kominn tími til að verja fé þessu í upphaflegum tilgangi, til byggingar húsmæðraskóla á Akranesi. Þeir aðilar, er þá skulu fjalla um málið eru: Stjórn Kvenfélags Akraness, eins og hún þá er skipuð. Sóknarpresturinn á Akranesi, skólastjóri gagnfræðaskólans, bæjarfógeti og bæjarstjóri.

4. gr.

Telji þeir aðilar, sem um getur í 3. gr., að nú sé tími til kominn að hefjast handa um byggingu húsmæðraskóla í bænum svo fljótt sem ástæður leyfa, er Kvenfélagi Akraness skylt að leggja fram allt það fé, sem þá er í sjóðnum til byggingarinnar, svo og að stuðla að framgangi málsins svo sem auðið er.

5. gr.

Nú verður niðurstaða þeirra umræðna, sem um getur í 3. gr. sú, að ekki sé enn tímabært að hyggja á byggingu húsmæðraskóla á Akranesi og heldur ekki líkur fyrir, að svo verði í bráð. Skulu þá sömu aðilar leggja fram tillögur um á hvern hátt fé þessu verði bezt varið í því skyni, að efla heilbrigða menningu æskulýðsins eða til mannúðarmála í byggðarlaginu. Nái þær tillögur samþykki Kvenfélags Akraness og bæjarstjórnar Akraness, er heimilt að verja sjóðnum samkvæmt því. Náist ekki samkomulag um síðari tillöguna, skulu allir áður nefndir aðilar ræða málið, unz niðurstaða fæst.

6. gr.

Skipulagsskrá þessi er hér með samþykkt af þeim einstaklingum, er mest hafa lagt til sjóðsins, svo og Kvenfélagi Akraness og bæjarstjórn Akraness.

Akranesi, 1. desember 1959.

Ingunn Sveinsdóttir. Haraldur Böðvarsson.

F. h. Kvenfélags Akraness:

Dóra Hjartar. Helena Halldórsdóttir. Svava Steingrímsdóttir.

F. h. Bæjarstjórnar Akraness:

Daníel Ágústínusson.